

KIRKJUGARÐARÁÐ

62. fundur haldinn 9. júní 2008 á Hótel Geysi í Haukadál.

Þann 9. júní 2008 fór Kirkjugarðaráð í sína árlegu vorferð. Lagt var af stað frá Biskupsstofu kl. 10:00 og var ekið að Kotströnd þar sem skoðaðar voru skemmdir af völdum jarðskjálftans sem reið yfir Suðurland 29. maí 2008. Var gengið um garðinn með Snorra Baldurssyni slökkviliðsstjóra, formanni sóknarnefndar, ásamt tveimur öðrum sóknarnefndarmönnum.

Því næst var haldið til Laugarvatns. Þar kynntu Valdimar Gíslason og Berglind Pálmadóttir kirkjugarðinn. Þaðan var haldið í Miðdal. Fundur ráðsins var haldinn á Hótel Geysi, en þar á eftir var ekið í Haukadál þar sem Þórey Jónasdóttir leiddi gesti um garðinn. Því næst var haldið í Tungufell og garðurinn þar skoðaður. Komið var til Reykjavíkur síðdegis.

Fundinn á Hótel Geysi sátu: Sigurgeir Skúlason, Ragnhildur Benediktsdóttir, Smári Sigurðsson, Valtýr Valtýsson og Gunnar Bollason sem sat fundinn í stað Kristínar Huldar Sigurðardóttur. Gunnar ritaði fundargerð. Tveir liðir voru á dagskrá fundarins, skemmdir af völdum jarðskjálftanna á Suðurlandi fyrr um sumarið og önnur mál.

Fundurinn samþykkti að Kirkjugarðaráð sækti um bætur til ráðuneytis og sjóða vegna jarðskjálftaskemmdanna, en tæki fyrst saman gögn um skemmdir á öllum kirkjugarðsjörðum og skilaði inn umsóknum ásamt greinargóðu yfirliti og kostnaðaráætlun.

Fleira var ekki rætt.

Ragnhildur Benediktsdóttir,
formaður

Gunnar Bollason,
ritari